

BORGARRÁÐ 15. nóvember 2018: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um úttekt á list- og verknámskennslu - R18110142

Lagt er til að borgarráð samþykki að fara þess á leit við skóla- og frístundaráð að gerð verði úttekt á list- og verknámskennslu við grunnskóla borgarinnar. Skoða þarf hvort nemendur fái þá kennslu í skapandi greinum miðað við viðmiðunarstundaskrá Aðalnámskrár grunnskóla. Það virðist sem list- og verknámskennsla sé æri misjöfn eftir skólum og spurning hvort ríki jafnræði hjá nemendum innan alls skólakerfis borgarinnar. Það er á valdi skólustjóra hvers grunnskóla að ákveða hversu mörgum stundum er úthlutað til þessara greina. (sjá grein 8.5 í AG 2016). List- og verknámsgreinar eru fjárfrekari en hefðbundið bóknám sem líklega hafi áhrif á skiptingu á námsgreinum innan skólanna. Jafnframt er brýnt að innleiða nám í nýsköpun í sem flestum námsgreinum.

Greinargerð

Það er ljóst að skapandi hugsun er öllum einstaklingum nauðsynleg og að stunda nám í skapandi greinum gefur þeim og skólustarfinu mikið gildi. Listgreinar eru ekki einvörðungu fyrir þá sem búa yfir listrænum hæfileikum, heldur fyrir alla nemendur svo þeir læri að tileinka sér skapandi hugsun og verkfærni sama hvaða faggrein þau mun velja sér þegar að starfsnámi kemur.

Flokkur fólksins leggur mikla áherslu á að öllum börnum líði vel í skólanum. Það þýðir að skólanámið þarf að bjóða upp á fjölbreytni. Að fá tækifæri til nýsköpunar er börnum afar mikilvægt og vill Flokkur fólksins að nýsköpun verð eflað á báðum skólastigum borgarinnar, þ.e. leik- og grunnskóla og í sem flestum námsgreinum á þessum skólastigum. En fyrst er að kanna stöðu þessara greina í grunnskólum. Þjóðfélagið kallar um þessar mundir ákaft á nýsköpun, en til þess að framtíðarþegnar borgarinnar geti ástundað slíka iðju er nauðsynlegt að þau læri og skilji út á hvað nýsköpun gengur og tileinki sér þau vinnubrögð á yngri árum svo þau verði hæfari þegar þátttaka í atvinnulífinu hefst hjá þeim.



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Varðandi tillögu Flokks fólksins um að gerð verði úttekt á list- og verknámskennslu við grunnskóla borgarinnar með tilliti til kennslumagns, jafnræðis í skólum verði gætt þegar kemur að kennslu í skapandi greinum og innleiðing náms í nýsköpun í sem flestum námsgreinum

Samkvæmt samantekt Hagstofu virðast grunnskólar í Reykjavík ekki uppfylla lágmarksskilyrði viðmiðunarstundaskrár um kennslumagn í list- og verkgreinum skólaárið 2015-2016. Þegar Hagstofa birti niðurstöður talningar á kennslumínútum í þessum greinum gagnrýndu skólustjórar í grunnskólum í Reykjavík talninguna. Ástæða er til að ætla að sveigjanlegir kennsluhættir, samþættingarverkefni, heimsóknir á listastofnanir, heimsóknir listamanna í skóla, þátttaka í hátíðum s.s. barnamenningarhátíð og annað sem hefur áhrif á starfið og erfitt getur verið að telja með áreiðanlegum hætti sem kennslumínútur í einstökum greinum hafi áhrif á niðurstöður talningar hjá einstökum skólum. Í öllu falli virðist ljóst að skólar hafa ekki allir talið með sama hætti.

Í vinnslu er frávikagreining á kennslumínútum í list- og verkgreinum í grunnskólum Reykjavíkur samkvæmt erindi Menntamálastofnunar sem barst sviðinu í byrjun árs 2019. Ákveðið hefur verið að fara í vinnu vegna samræmingar við talningu kennslumínútna í Reykjavík í þessum greinum eftir að skólar hafa skilað frávikagreiningu og skýringum. Markmiðið er að fá skýra mynd af stöðunni, koma ábendingum um vandkvæði við talningu til stjórnvalda og samræma talningu okkar innan grunnskóla Reykjavíkur þannig að niðurstöður séu áreiðanlegar og samanburður sé mögulegur. Vinna við úttekt á kennslumagni í list- og verkgreinum í grunnskólum borgarinnar er því í fullum gangi.